



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

1. fundur nýrrar stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 föstudaginn 8. maí 2018 í Fjölheimum.

Fundinn sátu:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Bjarni Freyr Báruson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Sólrún Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Sigurlaug Gissurardóttir, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll boðuðu:

Gunnar Þorgeirsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Páll Marvin Jónsson, fulltrúi
Ferðamálasamtaka Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ragnhildur Sveinbjarnardóttir.

Dagskrá:

- Stjórn skiptir með sér verkum
- Verkefni sl. mánaða (mars, apríl)
- Verkefni framundan
- Önnur mál

Stjórn skiptir með sér verkum

Stjórn MSS skiptir með sér verkum og velur hún sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera. Björg býður sig fram aftur sem formann og er það samþykkt samhljóða. Gunnar verður varaformaður, starfsmaður MSS ritari og framkvæmdastjóri MSS gjaldkeri.

Stjórn samþykkir að framkvæmdastjóri boði til stjórnarfunda og fundafyrirkomulag verði með svipuðum hætti og undanfarin ár þar sem fundað er fyrsta mánudag í mánuði kl. 10. Fundarmenn mæta á fundarstað í júní, september og janúar en aðrir verða fjarfundir.

Verkefni sl. mánaða (mars, apríl)

MAS samstarf (Markaðsstofur landshlutanna)

- Samningar hafa tekið mjög mikinn tíma. Allir landshlutar búnir að samþykkja nýja grunnsamninga nema Reykjanes, en skera á niður fjármagn til þeirra um helming. Fundur með Ráðherra ferðamála þar sem farið var yfir það helsta sem bar á milli aðila. Ferðamálastofa ætlar að halda eftir hluta af fjármagni sem ráðuneyti setti í styrkingu Markaðsstofa landshlutanna til að deila út til sértækra verkefna. Markaðstofurnar sækja um fjármagn þangað í verkefni sem vinna þarf á svæðunum. Sum svæði höfðu þegar sent inn verkefnatillögur.
 - Stjórn samþykkir að senda erindi eða ályktun til Ferðamálastofu um þetta samningsferli, hvað það hefur verið tímafrekt. Einnig vill stjórn gagnrýna þennan aukasjóð sem haldið var eftir.
- Haldinn var einn opinn fundur þar sem samstarfsaðilum var boðið að koma til að ræða málin, (Íslandsstofa, Stjórnstöð ferðamála, Ferðamálastofu, fulltrúa Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis (vegna ferðamálaáætlunar) og fleiri. Nokkrir aðrir fundir vegna samninga og umræðna þeim tengdum.
- Gagnagrunnur FMST/MAS hefur verið til umræðu og hver þróunin verði á notkun hans og efni.
- Óskað var eftir áliti MAS á nýjum lögum um Ferðamálastofu/Ferðamálaráð.
- Utanríkismálanefnd kallaði MAS á sinn fund vegna nýrra laga um Íslandsstofu, fulltrúar frá Markaðsstofum Suðurlands og Reykjanes fóru fyrir hönd MAS. Helstu atriði sem MAS vildi koma á framfæri í nýju frumvarpi er að ekki er minnst á MAS í nýju frumvarpi, innanlandsmarkaðssetning sé nú ekki á ábyrgð neins (ekki í nýju frumvarpi um Ferðamálastofu og ekki í þessu frumvarpi um Íslandsstofu), ekkert er minnst á áfangastaðaáætlanir DMP og fleira.
- Fyrir samstarfshóp MAS liggja erindi um athugasemdir við Byggðaáætlun og ný lög um skipan ferðamála.
- Verið að vinna að þolmarkagreiningum á efnahag, íbúa og fleira hjá Stjórnstöð sem MAS á enga aðkomu að. Stjórn undrar sig á því og ákveðið að formaður stjórnar MSS kanni hverjir sitja í slíku ráði.
- Greiðslur vegna grunnfjármögnunar hafa að fullu borist frá Ferðamálastofu samkvæmt nýjum samningi.

Verkefni með SASS

- Áframhaldandi vinna var í teyrum, einstaka verkefnum og ráðgjöf. Úthlutun úr Uppbyggingasjóði og verkefni tengd því, t.a.m. markaðs- og kynningarmál.

- Verkefni í vinnslu:
 - Innviðagreining – öflun gagna
 - Kortaverkefni - í uppfærslu
 - Menningarkort - búið að funda og fleira í tengslum við það
 - Branding verkefni
 - Invest teymi – búið að fjárfesta í „invest south“ léni og verið að vinna að efnissköpun, framsetningu og heimasíða í skoðun.
- Framkvæmdastjóri var með viðveru í Vestmannaeyjum í apríl, fundur með SASS teymi þar auk annara aðila. Einnig fór fram kynning á MSS.
- Framkvæmdastjóri sótti vofund atvinnuþróunarfélaga og ársfund Byggðastofnunar.

Sýningar,ráðstefnur og viðburðir

- ITB Berlín
 - Framkvæmdastjóri sótti þá sýningu í mars, sem er ein sú stærsta í heimi.
- Ársfundur SAF + ferðaþjónustudagurinn (ráðstefna)
- Móttaka á vörumerkinu Icelandic

Faghópur sveitarfélaganna um ferðamál á Suðurlandi

- Fundur var haldinn í Þorlákshöfn í mars sl. þar sem fulltrúi Ölfuss skipulagði fund. Ýmis málefni rædd og miðlun upplýsinga. Heimsókn og kynning á tveimur fyrirtækjum að loknum fundi, fjórhjólaferð og hádegisverður í boði heimamanna.
- Fundur með nýjum starfsmanni Friðar og Frumkrafta, til að kynna samstarfið og áherslur MSS.

Aðalfundur, árshátíð, málþing og ferð

Aðalfundur var haldinn á Hótel Laka í Skaftárhreppi þann 13. apríl. Í fyrsta skipti fór fram kosning í tvö sæti í stjórn MSS. Stjórn 2018-2019 skipa:

Aðalmenn:

- Björg Árnadóttir – Visit South Iceland ehf
- Gunnar Þorgeirsson – SASS
- Sólrún Helga Guðmundsdóttir – SASS
- Sigurlaug Gissurardóttir – Ferðamálafélag Austur- Skaftafellssýslu
- Bjarni Freyr Báruson – Ferðamálsamtök Suðurlands
- Páll Marvin Jónsson – Ferðamálasamtök Suðurlands

Varamenn:

- Katrín Sigurðardóttir – Visit South Iceland ehf
- Bjarni Guðmundsson – SASS
- Anna María Ragnarsdóttir – Ferðamálafélag Austur- Skaftafellssýslu
- Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

Skoðunarmenn ársreiknings:

- Ása Valdís Árnadóttir
- Kristófer Tómasson

Til vara:

- Raket Theodórsdóttir
- Gunnsteinn Ómarsson

Að loknum almennum aðalfundarstörfum var málþing sem bar heitið; „**Skiptir ferðapjónusta máli fyrir samfélagið?**“. Flutt voru áhugaverð erindi, bæði tengd kjarna greinarinnar og tengdu efni. Þá var farið í eftirminnilega ferð um svæðið sem var skipulögð af heimafólki þar sem fyrirtæki í nágrenninu voru heimsótt. Árshátíðarkvöldverður og skemmtun var svo haldin um kvöldið sem var einkar vel heppnuð.

Árlega eru veittar viðurkenningar, Sproti ársins og framlag til ferðapjónustu. Sproti ársins fékk fyrirtækið The Cave people og viðurkenningu fyrir framlag til ferðapjónustu fékk Sigurlaug Gissuradóttir á Brunnhóli.

Áfangastaðaáætlun DMP

- Áfangastaðaáætlun DMP Suðurlands var skilað í síðustu viku til Ferðamálastofu, mikil vinna við yfirllestur og frágang efnis undanfarið. Skilamatsfundur var haldinn með FMST í gær, mánudag, þar sem við settum fram ítarlegt mat á verkefninu. Helst kom fram gagnrýni á vanmat á tíma, kostnaði og væntingum til verkefnisins. Nokkrir verkefnastjórar óttuðust mismunandi væntingar til verkefnisins innan stjórnsýslunnar, sums staðar er þær jafnvel of miklar. Í höndum FMST að vinna úr því.
- Drög að áfangastaðaáætlun Suðurlands voru send á sveitarfélög til umsagnar. Álit/umsagnir höfðu borist frá einhverjum sveitarfélögum en ekki öllum. Næstu skref er að láta setja upp heildarskýrsluna og samantekt til birtingar ásamt því að kynna helstu niðurstöður. Þá verður haldið áfram að vinna í að tengja aðgerðaráætlun öðrum áætlunum, setja mælikvarða og markmið ásamt því að meta hvort einstaka aðgerð sé raunhæf.
- Góð og verðmæt vinna felst í gerð áfangastaðaáætlunar fyrir svæðið og mörg tækifæri til að nýta hana. Unnið verður með þessar niðurstöður til að móta áframhaldandi verkefni og ný og sótt verður í ýmsa sjóði fyrir verkefnastyrkjum.

Vefmál, blaðamenn og fyrirspurnir

- MSS sendir reglulega inn tillögur að efni í fréttabréf Íslandsstofu.
- Þó nokkuð um fjölmiðlafyrirspurnir undanfarið þar sem oft er mjög stuttur fyrirvari. T.d. aðstoðuðum við danskan grínista og áhrifavald, aðila frá BBC sem vann að þætti um loftlagsbreytingar og fleiri aðilar.
- Sveitarafélagasiður í vinnslu, mörg að velja þessum kosti fyrir sér.

Íslandsstofa

Mest samstarf um miðla og áhrifavalda – sjá undir verkefni framundan.

Samfélagsmiðlar

- Áttum fund með Sahara um framhaldið, tókum stutt hlé á birtingum á facebook og instagram. Nú er búið að leggja upp þemaáherslur yfir árið og byggja betur undir birtingar. Fáum mánaðarlega birtingarplan fyrir facebook og instagram.
- Fundur með framleiðslufyrirtækinu „Off to Iceland“ þar sem MSS býðst að vinna með aðilum svipað og „Atlantica“, þ.e. aðilar kaupa sér efni/umfjöllun og MSS kemur inn með tengingar og fær efni til afnota (myndbönd og myndir). Verið er að vinna að frekari útfærslu. Stjórn samþykkir að skoða þetta tilboð frá Off to Iceland.

Kort/útgáfa

Það sem eftir var af fjármagninu úr áhersluverkefninu um samræmingu korta á Suðurlandi var nýttur til að lagfæra kortagrunninn sem notaður er í seríunni. Öll kortin eru komin út og vinna hafin við endurútgáfu.

Aðildarfyrirtæki

Alltaf einhverjir fundir með aðilum, bæði núverandi og nýjum.

Verkefni framundan

Fjárhagsáætlun og starfsáætlun

- Skipuleggja verður starfið það sem eftir er af árinu með tilliti til nýrra samninga við Ferðamálastofu. Mikilvægt er að sækja um verkefnastyrkina eins og rætt hefur verið um.
- Meiri áhersla verður lögð á innra starf MSS sem hefur þurft að mæta afgangi síðustu misseri, skilar vonandi einnig auknum tekjum á móti. Hugmynd er að halda súpufundi, jafnvel eftir faggreinum (gisting, afþreying og veitingar). Kynna svo aðra viðburði/vettvanga þar sem „allir“ geta hist, eins og t.d. Mannamót, ráðstefnu og árshátíð.
- Huga þarf að starfsmannasamtölum, skiptingu verkefna og helstu áherslum.
- Framkvæmdastjóri er að skoða að kaupa aðgang að DK reikningskerfi til að MSS geti sjálf séð um slíka „lágmarks“ bókhaldsvinnu og spara þannig kostnað í aðkeyptri vinnu.

MAS samstarf (Markaðsstofur landshlutanna)

Mikið verk fyrir höndum þar en samstarfið, viðburðir og verkefni eiga eftir að taka mikinn tíma á næstunni. Einnig hefur verið vilji til að skoða að vinna að DMO (Destination Management Office) skilgreiningum og fleiru. Fundur verður haldinn á Suðurlandi í júní þar sem ákvarðanir verða teknar um næstu skref t.a.m. varðandi haustráðstefnu og Mannamót.

FAM ferðir - kynningaferðir

Búið að vera að vinna að því að skipuleggja kynningarferðir fyrir íslenskar ferðaskrifstofur sem farnar verða um mánaðarmót maí/júní. Er í vinnslu á hvaða svæði verður farið, skýrist fyrir vikulok.

Íslandsstofa

- Fundað var í gær til að fara m.a. yfir samstarfsyfirlýsinguna við Íslandsstofu sem samkvæmt henni á að endurskoða hana einu sinni á ári. Í raun er hún í uppnámi að einhverju leiti þar sem ekki er skilgreint fjármagn frá Ríkinu til MAS lengur í markaðsstarf erlendis. Erum þó með samninga við sveitarfélögin sem kveða á um markaðssetningu erlendis, framhaldið því spurning um útfærslur og stöðu hvers svæðis fyrir sig. Komum á framfæri ósk um að landshlutasíðurnar yrðu betur sýnilegar á inspiredbyiceland síðunni ásamt því að biðja um færslur frá Suðurlandi yrðu merktar með #southiceland.
- Fjölmíðlaferðir með Íslandsstofu framundan ásamt öðrum verkefnum í tengslum við Team Iceland.

Sýningar og viðburðir

Undirbúningur er hafinn fyrir Vestnorden. Tekin var ákvörðun fyrir nokkrum árum að þegar sýningin er á Íslandi þá sé Suðurland með fjórfaldan bás þar sem MSS og svæðin/sveitarfélögin manna básinn. Rætt hvort því verði ekki haldið þrátt fyrir að sýningin sé á Akureyri. Fulltrúar svæða/sveitarfélaga hafa lýst áhuga á að manna básinn með okkur. Það samþykkt í stjórn.

Verkefni SASS

- Áframhaldandi vinna er við ýmis verkefni með SASS, m.a. áhersluverkefni, í teymum og öðrum verkefnum.
- Viðvera og ráðgjöf MSS og SASS í Vík og Kirkjubæjarklaustri, helst fyrir sumarið.
- Fjárfestingarteymi (Invest) er búið að fjárfesta í „invest south“ léni og verið að vinna að efnissköpun, framsetningu og heimasíða í skoðun.
- Spurning með auka ársfund, lögð hefur verið fram tillaga að kynningardegi þar sem ýmsar einingar á Suðurlandi myndu kynna starfsemi sína fyrir nýkjörnum fulltrúum.

Útgáfa

- Umræða hefur farið fram í nokkurn tíma um framtíð útgáfu landshlutabæklingsins. Rætt var á fundi samstarfshóps um ferðamál á Suðurlandi að sleppa prentun á bæklingnum og leggja meira í vefinn og aðra efnissköpun. Stjórn samþykkir að sleppa prentun á landshlutabækling en koma efni hans á rafrænt form og hafa á vefsíðu.
- Verið er að vinna að uppfærslu á heildarkorti af Suðurlandi, vestursvæði og Ríki Vatnajökuls. Þau verða prentuð í sumar.

- Öflun myndefnis og önnur efnissköpun.

Áfangastaðaáætlanir DMP

Fundur með Ferðamálastofu vegna áfangastaðaáætlana er í dag en óvíst er með framhaldið. Verkefnastjórar vilja skila fullunnu skjali sem ljóst er að ekki er mögulegt innan tímaramma sem Ferðamálastofa hefur sett fram. Óskað hefur verið eftir að Ferðamálastofa fjármagni uppsetningu og lágmarksprentun. Einnig hefur verið lagt til að teknar verði saman helstu niðurstöður sérstaklega og það ekki birt fyrir en í haust. Mikilvægt er að kynna niðurstöður fyrir nýjum sveitarstjórnnum og liggur því ekki á að birta að svo stöddu. Framundan er því að draga saman helstu niðurstöður og sækja um styrki í mismunandi verkefni út frá áherslum áætlunarinnar.

Vefmál, blaðamannafyrirspurnir og samfélagsmiðlar

- Haldið verður áfram að vinna að efnissköpun út frá áherslum okkar.
- Kynning á nýju útliti og virkni á viðburðadagatalinu á south.is. Senda m.a. fréttatilkynningu á héraðsmiðla þegar góður grunnur af viðburðum er komið inn.
- Áframhaldandi vinna við sveitarfélagasíður og fleira.
- Skipuleggja blaðamannaferð með Íslandsstofu.
- Kynning á Suðurlandi og nýrri þjónustu þar fyrir ferðaskrifstofur, höfuðborgarstofu og fleiri sem óskað hafa eftir slíkri kynningu. Rætt var um að óska eftir fundi með forsvarsmönnum upplýsingamiðstöðvarinnar hjá Höfuðborgarstofu.
- Áhugi er á að fá fleiri áhrifavalda á samfélagsmiðlum í heimsóknir á Suðurland í haust ef til verður fjármagn í slíkt. Leggja þarf línur fyrir slíkar heimsóknir.
- Áframhaldandi efnissköpun og vinna við að efla samfélagsmiðla MSS. Mikilvægt er að fylgja ákveðinni stefnu með birtingar þar sem byggir á áherslum og markhópum.

Faghópur sveitarfélaganna um ferðamál á Suðurlandi

Fyrirhuguð ferð faghópsins á Höfn verður farin í lok mánaðarins. Þá verður haldinn vinnufundur og farið í heimsóknir um svæðið. Styrkur frá Ferðamálastofu greiðir þá ferð, undirbúningur að hluta hjá MSS og að hluta hjá heimamönnum.

Aðildarfyrirtæki

Nokkur fyrirtæki hafa verið að skoða aðild að MSS, því er fylgt eftir með tölvupósti, fundum og/eða heimsóknnum. Undirbúningur er hafinn fyrir innheimtu aðildargjalda. Stjórn samþykkir að halda þeim óbreyttum í ár.

Önnur mál

- Málefni Ferðamálasamtaka Suðurlands til umræðu en óskað var eftir tilnefningu aðalmanns og varamanns í svæðisráð vestursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá því.
- Skrifstofa MSS verður lokuð frá 16. júlí og fram yfir verslunarmannahelgi vegna sumarleyfa starfsmanna. Samþykkt af stjórn.